



Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 9. júní 2020  
Tilv.: ANR20050441/04.02.07

Efni: Ósk um umsögn.

Góði viðtakandi,

Samtímis því að fiskeldi er við að byggjast upp á Vestfjörðum hefur komið til umræðu hvort skilyrði séu til þess að fiskeldi verði stundað í Jökulfjörðum. Er ráðuneytinu í þessu sambandi kunnugt um ályktun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um fiskeldi í Jökulfjörðum frá 2016, þar sem áhersla var lögð á að engin ákvörðun verði tekin um fiskeldi í Jökulfjörðum fyrr en ítarleg vinna með íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum hafi farið fram.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 getur ráðherra, að fenginni umsögn Fiskistofu, Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart fiskeldi. Nú er í gildi auglýsing nr. 460/2004 um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er lýst óheimilt á tilteknun svæðum og eru Jökulfirðir ekki meðal þeirra svæða sem þar eru tilgreind.

Við mat að því hvort ákvörðun verði tekin skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. mgr., skal taka mið af því að markmið laganna er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlifa þeim við fisksjúkdónum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár. Auk þess skal taka tillit til sjónarmiða um aðra nýtingu hafsvæða en nýtingu vegna fiskeldis.

Hér með er leitað umsagnar yðar um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum.

Svo sem kunnugt er standur nú yfir vinna við setningu strandsvæðaskipulags fyrir Vestfirði. Er í því sambandi vakin athygli á 2. mgr. 10. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða, en þar segir að við gerð slíks skipulags skuli taka mið af stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða þar sem tiltekin starfsemi er t.d. takmörkuð eða bönnuð.

Þess er óskað að umsögn yðar berist ráðuneyti eigi síðar en 9. júlí nk. Þess er góðfúslega beint að sveitarfélögum að þau eigi viðræður sín í milli við undirbúning umsagna / umsagnar.



Kristján Þór Júlíusson  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Arnór Snæbjörnsson

Fylgiskj.: Auglýsing nr. 460/2004

Samrit: Bolungarvík  
Fiskistofa  
Hafrannsóknastofnun  
Matvaelastofnun  
Strandabyggð  
Súðavíkurhreppur